



Fundur vegna heilsueflandi samfélags

Mætt: Hulda, Örvar og Bryndís Eva

Efni fundar: Fara yfir gátlista

Gátlistar sem farið var yfir: Vellíðan með hreyfingu og útiveru & Öruggt líf án ofbeldis og slysa:

Nokkur atriði sem ákveðið var að skoða:

- Komast að því hvort hreyfing og útivera nemenda í leikskóla er metin á ákveðinn hátt – Arndís
- Hlekkur á Hreyfitorg Heilsuveru á vefsíðu sinni og hvetur íþróttafélög og aðra viðeigandi þjónustuaðila til að skrá þar þjónustu sína – Hulda setur inn á heimasíðu Flóahrepps
- Skoða þarf göngu og hjólreiðaleiðir – mikið af þáttum sem snúa að því
- Eru ofbeldis og slysaforvarnir byggðar á vísindalegum grunni og þekkingu? Skoða betur
- Þjálfun og fræðsla fyrir þá sem starfa með börnum og fötluðu fólki – skoða þarf hvort velferðarþjónusta sveitarfélagsins sjái um þjálfun og fræðslu.
- Margir þættir í gátlistunum sem snúa að mörgum aðilum innan samfélags til dæmis með tilliti til barnaverndar, þjálfunar og fræðslu. Ný farsældarlög munu hjálpa til við að allir aðilar sem vinna með börnum og ungmennum starfi saman í þágu barna.

Rætt um að stýrihópur haldi sinn fyrsta fund fljótlega til að setja sér markmið fyrir veturinn.

Örvar og Sigrún Helgadóttir finna tíma til að hitta Arndísi og Söru í leikskólanum til að koma þeim af stað og kynna fyrir þeim það sem verið er að gera í skólanum.

Hulda, Bryndís og Örvar funda aftur og klára gátlistana. Hulda sendir tillögu að tíma fyrir fund.

Fundargerð rituð af Huldu Kristjánsdóttur, sveitarstjóra